

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 34/2008

frá 14. mars 2008

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 15/2008 frá 1. febrúar 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/381/EB frá 4. maí 2005 um spurningalista fyrir skýrslugjöf um beitingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/803/EB frá 23. nóvember 2006 um breytingu á ákvörðun 2005/381/EB um spurningalista fyrir skýrslugjöf um beitingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB ⁽³⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

XX. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi bætist við í lið 1f (tilskipun ráðsins 96/61/EB):
„– **32005 D 0381**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/381/EB frá 4. maí 2005 (Stjtið. ESB L 126, 19.5.2005, bls. 43) eins og henni var breytt með:
– **32006 D 0803**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/803/EB frá 23. nóvember 2006 (Stjtið. ESB L 329, 25.11.2006, bls. 38).“
2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 21a (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/780/EB):
„21ap. **32005 D 0381**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/381/EB frá 4. maí 2005 um spurningalista fyrir skýrslugjöf um beitingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 154, 12.6.2008, bls. 30, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 33, 12.6.2008, bls. 22.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 126, 19.5.2005, bls. 43.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 329, 25.11.2006, bls. 38.

á tilskipun ráðsins 96/61/EB (Stjtið. ESB L 126, 19.5.2005, bls. 43) eins og henni var breytt með:

- **32006 D 0803**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/803/EB frá 23. nóvember 2006 (Stjtið. ESB L 329, 25.11.2006, bls. 38).

Ákvæði ákvörðunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

2. gr. hljóði svo:

„Þegar um ræðir EFTA-ríki skal skýrslum EFTA-ríkjanna skilað til Eftirlitsstofnunar EFTA eigi síðar en 30. júní ár hvert og skal hver skýrsla taka til undangengins almanaksárs frá 1. janúar til 31. desember. Fyrstu skýrslunni, fyrir almanaksárið 2008, skal skilað 30. júní 2009.““

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvarðana 2005/381/EB og 2006/803/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. mars 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 14. mars 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Alan Seatter

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.